

Ed.

451. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyting á lögum nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Þó að nefndin telji æskilegt, að ríkissjóður styrki með fjárframlögum aukna ræktun og búnaðarframkvæmdir, þá telur hún yfirstandandi tíma ekki til þess fallinn að leggja fram fé á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir. Það er því tillaga nefndarinnar, að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hv. 2. þm. Rang. (PM) var eigi á fundi þeim, er frv. var afgr., og hefir hann því að sjálfsgöðu óbundið atkvæði um tillögu undirritaðra nefndarmanna.

Alþingi, 1. nóv. 1935.

Bernh. Stefánsson,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskr., frsm.